

Nr. 1029

10. desember 2010

GJALDSKRÁ fyrir Vatnsveitu Álftaneshrepps, Borgarbyggð.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Álftaneshrepps er 0,3% af fasteignamati þeirra húsa sem tengd eru vatnsveitunni en þó að hámarki kr. 22.000 á hverja jörð eða sumarhús.

2. gr.

Til viðbótar vatnsgjaldi sem fram kemur í 1. grein skal notandi greiða aukavatnsgjald sem nemur kr. 24,50 kr./m³. Vatnsnotkun skal áætluð í samræmi við búfjárskýrslu og skal miða við eftirfarandi töflu:

Kind	5	l/dag
Geldneyti	26	l/dag
Kálfar	13	l/dag
Kýr	65	l/dag
Hross	17,5	l/dag
Svín	10	l/dag
Grísir	5	l/dag

Þegar mælir hefur verið settur upp hjá notendum skal aukavatnsgjaldið innheimt samkvæmt notkun.

3. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum en aukavatnsgjald skal innheimta sérstaklega og er gjalddagi þess 1. maí og eindagi mánuði síðar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

5. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2011.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 9. desember 2010.

Borgarnesi, 10. desember 2010.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2010